



Erasmus 2022 – 2023

Ákveðið var að halda áfram samstarfi við tékkneska skólann, Základní škola Karla Jeřábka 941. Við sóttum um styrk í menntasjóð Evrópusambandsins, Erasmus +, en fengum synjun. Samstarfsskólinn okkar fékk sína umsókn samþykkt (accreditation umsókn sem þýðir styrk til verkefna í þrjú ár, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum). Við ákváðum að halda áfram í rafrænum verkefnum yfir veturinn og taka á móti þeim í heimsókn, þó nemendur okkar fengu ekki að ferðast til Tékklands.

Rafrænu verkefni, kynningarmyndböndin og rafræn samskipti gengu vel. Meðal annars bjuggu nemendur okkar til kynningarmyndband um skólann okkar. Stjórn nemendafélagsins kom að því verkefni, sem var metnaðarfullt og góð kynning fyrir skólann okkar.

Nemendur úr árgangi 2008 voru þátttakendur að þessu sinni. Í mars tókum við á móti 15 nemendum tékkneska skólans, Martinu Křížová verkefnisstjóra, Jakub Vlach, efnafræðikennara og frú Olgu Mataková, skólastjóra. Það var eftirminnileg og skemmtileg vika. Krakkarnir tóku þátt í sameiginlegum skólaverkefnum, en þemað var náttúrufræði og efnafræði. Þeir heimsóttu Landnámssetrið, Skallagrímssgarð og fleiri áhugaverða staði í Borgarnesi, fóru saman í sund, fengu fræðslu um skólakerfi Borgarbyggðar frá sviðsstjóra fjölskyldusviðs og heimsóttu áhugaverða staði í uppsveitum Borgarfjarðar. Þar sem ekki voru til fjármunir í verkefnið í skólanum okkar þá greiddu Hulda Hrönn, deildarstjóri og Hildur, náttúrufræðikennari, það sem þurfti og fengu vini og vandamenn til að sjá um akstur og fræðslu fyrir hópinn. Meðal annars fræddi landvörður nemendur um Grábrók og gekk með þeim á fjallið, en einnig var farið að Sturlu-Reykjum, Hraunfossunum og Deildartunguhver. Hulda Hrönn bauð hópnum heim í mat og til að skoða íslensku húsdýrin. Borgarbyggð bauð hópnum í sund og í Safnahúsið.

Eitt af skólaverkefnunum voru bráðskemmtilegar efnafræðitilraunir sem Hildur náttúrufræðikennari og Jakub efnafræðikennari höfðu undirbúið. En allra skemmtilegasta verkefnið var líklega að smakka nammi og snakk frá báðum löndum.



Gestirnir ásamt sviðsstjóra og þeim nemendum GB sem tóku á móti þeim.



Kynning á skólakerfi Borgarbyggðar.



Í Safnahúsinu.



Efnafræðitilaunir





Með risasniglana.

Gengið á Grábrók.



Við Deildartunguhver.



Íslenski hesturinn vakti mikla lukku.



Á Sturlu-Reykjum.



Fræðsla um nýtingu jarðvarma.



Tékknesku kennararnir og skólastjóri.



Við Snorralaus í Reykholti.



Nemendur okkar sem tóku þátt í Erasmus valinu, ásamt tékknesku gestunum.

Gestirnir voru heillaðir af aðstöðunni í skólanum okkar og í Íþróttamiðstöðinni. Það var áhugavert fyrir krakkana okkar að fá að heyra og sjá hvað gestunum fannst um skólann, bæinn og sveitina. Margt sem við tökum ekki eftir dags daglega vakti áhuga gestanna.